

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 140/89
komudagur 9.11.2011

DK/sg
Tilv.: 201111-0913 670

Reykjavík, 9. nóvember 2011

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með rafpósti allsherjarnefndar Alþingis, dags. 3. þ.m., frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998, sbr. síðari breytingar, 136. mál, skýrara bann við áfengislauglýsingum.

Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið tillit til athugasemda ríkissaksóknara til allsherjarnefndar, dags. 3. maí sl., vegna frumvarps á 139. löggjafarþingi, 705. mál, (dbnr. 139 2232).

Af hálfu ríkissaksóknara eru ekki gerðar athugasemdir vegna frumvarpsins og er tekið undir efni þess.


Daði Kristjánsson
saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík